

um um langt skeið er komin á í því efni, að líta svo á, að hreppsnefndin hafi þegjandi samþykkt húsmennskudvöl hans, og að nefndur maður hafi þá unnið sjer sveit í Viðvíkurhreppi. **107** 12. ág.

Því er hjermeð úrskurðað, að nefndur Bjarni Jóhannsson skuli teljast sveitlægur í Viðvíkurhreppi.

Þetta er yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd þess hrepps og hreppsnefnd Hólahrepps.

*Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Rangárvallasýslu um endurgreiðslu á barnsmeðlagi.* **108** 14. ág.

Hreppsnefndin í Stokkseyrarhreppi hefir áfrýjað til stjórnarráðsins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 18. febr. þ. á., sem losar Holtamannahrepp hinn forna við að endurgreiða Stokkseyrarhreppi útlagt 50 kr. meðlag um árið 2. septbr. 1913 til jafnlengdar 1914 með óskilgetnu barni Þorbjargar nokkurrar Þorbergsdóttur á Stokkseyri og Einars nokkurs Þórðarsonar í Reykjavík, Bergþóru að nafni.

Barnsfaðirinn, sem sveitlægur er í Holtamannahreppi hinum forna, er með úrskurði bæjarfógetans í Reykjavík, dags. 9. júlí 1910, skyldaður til að greiða 50 kr. árlegt meðlag með barni þessu. Samkvæmt úrskurði þessum hefir Stokkseyrarhreppur lagt barnsmóðurinni út meðlag fyrir umrætt meðlagsár og krafist endurgjalds á því frá Holtamannahreppi forna. En hreppsnefndin hefir neitað að greiða, vegna þess, að barnsmóðirin hafi þá verið gift öðrum manni, en við það hljóti framfærsluhreppur barnsföður að losna við framfærsluskylduna, að minsta kosti meðan stjúpfaðirinn, fjárhagsins vegna, er fær um að framfæra konu sína og börn hennar án fátækrastrýsks. Á þetta hafð þjer fallist og styðjið það við ákvæði 30. gr. fátækralaganna. En þetta verður ekki talið rjett, því eftir hlutarins eðli getur það, að móðir óskilgetins barns síðar giftist öðrum manni en barnsföðurnum, ekki haft nein áhrif á skyldur hans og framfærslusveitar hans gagnvart barninu og barnsmóðurinni, enda eru ákvæði fátækralaganna í fullu samræmi við það, sjá sjerstaklega niðurlag 1. málsgreinar 4. gr. laganna.

Samkvæmt þessu er hjermeð úrskurðað, að Holtamannahreppur hinn forni skuli endurgreiða Stokkseyrarhreppi framangreindar 50 kr.

Þetta er yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Holtamannahrepps hins forna,